# 18. Katrín Jakobsdóttir (Svar på replik)

Vegna þess að Ísland er ekki heldur í ESB þá finnst mér rétt og skylt að svara þeirri spurningu og það sama má segja um Ísland og Noreg, aðild að Evrópusambandinu nýtur ekki meiri hluta á Alþingi. Ég held hins vegar að það sé mjög mikilvægt að við eflum samstarfið innan Evrópu óháð ESB. Ég held að það skipti okkur öll máli, allar Norðurlandaþjóðirnar, að við eigum í þessu virka samtali innan Evrópu sem við eigum auðvitað líka innan Evrópuráðsins. Við höfum líka verið að efla samskiptin bæði innan EES og innan Evrópu allrar. Þar vil ég minna á að Ísland og Noregur hafa auðvitað tekið fullan þátt í öllum þeim ákvörðunum sem hafa verið teknar um þvinganir vegna innrásar Rússa í Úkraínu. Samstarf innan Evrópu hefur kannski aldrei verið öflugra og samstaðan innan Evrópu, en ESB-aðild er ekki upp á borðum einmitt núna á Íslandi.

**Skandinavisk oversettelse**

Eftersom Island inte heller är medlem i EU så är det passande att jag svarar på den frågan, och kan då säga att på Island gäller det samma som i Norge, d.v.s. det finns ingen majoritet för EU-medlemskap i alltinget. Däremot anser jag att det är mycket viktigt att öka det europeiska samarbetet oavsett EU-medlemskap. Jag tror att det är av stor betydelse för oss alla, alla de nordiska länderna, att upprätthålla en aktiv dialog på europeisk nivå, som vi naturligtvis också gör i Europarådet. Vi har också arbetat för att stärka våra kontakter både inom EES och inom Europa som helhet. I det sammanhanget vill jag påminna om att Island och Norge givetvis på alla sätt har deltagit i de beslut om sanktioner som har tagits med anledning av Rysslands invasion i Ukraina. Samarbetet inom Europa har kanske aldrig varit starkare och det samma gäller den europeiska

sammanhållningen, men EU-medlemskap är inte aktuellt på Island just nu.

Information

Tal nummer

18

Typ

Svar på replik

Person

Katrín Jakobsdóttir

Status

Waiting for transcription

Datum

01.11.22 15:35

Ärende

Debatoplæg på Nordisk Råds sessions topmøde med statsministrene